

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um ráðningar starfsmanna.

1. *Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í velferðarráðuneytinu og þar á undan í heilbrigðisráðuneytinu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?*

Hjá velferðarráðuneytinu og þar á undan í heilbrigðisráðuneytinu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur verið ráðið í eftirfarandi störf, önnur en til afleysinga, án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum:

	Skýring
Árið 2007:	
Sérfræðingur	Fyrst verkefnaráðinn tímabundið en svo ráðinn ótímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Fyrst verkefnaráðinn tímabundið en svo ráðinn ótímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Ráðinn tímabundið sem starfsmaður nefnda (hlutastarf)
Sérfræðingur	Fyrst ráðinn tímabundið og svo ótímabundið
Sérfræðingur	Ráðinn tímabundið
Samtals 8 starfsmenn	
Árið 2008:	
Sérfræðingur	Ráðinn tímabundið sem starfsmaður nefndar (hlutastarf)
Móttökuritari	Ráðinn í framhaldi af árangurslausri auglýsingu, fyrst tímabundið
Sérfræðingur	Fluttur til ráðuneytisins frá úrskurðarnefnd almannatrygginga
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Fluttur til ráðuneytisins frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Sérfræðingur	Fluttur til ráðuneytisins frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið og verður svo starfsmaður fjögurra ráðuneyta
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Tímabundin ráðning
Samtals 10 starfsmenn	
Árið 2009:	
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið, kom frá forsætisráðuneyti

	Skýring
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Fyrst ráðinn tímabundið og svo samkvæmt auglýsingu
Samtals 5 starfsmenn	
Árið 2010:	
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Sérfræðingur	Verkefnaráðinn tímabundið
Samtals 2 starfsmenn	
Árið 2011:	
Samtals 0 starfsmenn	

Samtals eru þetta því 25 ráðningar á árunum 2007–2011 en um er að ræða 24 starfsmenn þar sem einn starfsmaður var tvisvar verkefnaráðinn á þessu árabili.

2. *Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?*

Af þessum starfsmönnum eru níu nú starfandi í ráðuneytinu og þar af er einn starfsmaður sem ráðinn var tímabundið en var síðan ráðinn ótímabundið eftir að starfið var auglýst og þrír sem fluttir voru til ráðuneytisins frá stofnunum ráðuneytisins.